

Sp.

963. Þingsályktun

[267. mál]

um menntun fangavarða.

(Afgreidd frá Sp. 19. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd, er taki til gagngerðrar endurskoðunar menntun fangavarða, leiti leiða til úrbóta og geri tillögur þar að lútandi.

Nefndin skal skipuð fulltrúum eftirtalinna aðila: einum frá menntamálaráðuneyti, tveimur fulltrúum fangavarða eða stéttarfélags þeirra, annar þeirra skal vera starfandi fangavörður, og einum frá Félagasamtökunum Vernd.

Formaður nefndarinnar skal skipaður af dómsmálaráðherra án tilnefningar. Nefndin skal skila álitinu og tillögum eigi síðar en í árslok 1981.